

Birtist á Deiglan.com, 3. janúar 2003.

Stríð í Írak

Jón Steinsson

Það er hreint með ólíkindum hversu mikill munur er á skoðunum fólks hvað varðar hugsanlegt stríð í Írak annars vegar hér á landi og hins vegar í Bandaríkjunum. Á Íslandi finnst varla sá maður sem er tilbúinn að ljá máls á því að það sé skynsamlegt að hertaka Írak. Í Bandaríkjunum er hins vegar almennur stuðningur við stríð í Írak talsvert mikill. Og þessi stuðningur er ekki eingöngu bundinn við þá sem alltaf eru fylgjandi stríði. Hann er einnig umtalsverður á vinstrivæng bandarískra stjórnmála og jafnvel á meðal menntaelítunnar sem er þó nánast alltaf á móti stríði.

Að því er ég kemst næst skýrist þessi mikli munur á afstöðu fólks að miklu leyti af því að það hefur mismunandi upplýsingar um málið. Mér sýnist sem fjölmiðlar og almenningur í Evrópu hafi algerlega tapað sér í andúð á Bandaríkjunum. Svo mikið að mikilvæg atriði varðandi þetta mál hafa ekki fengið þá umfjöllun sem þau ættu að fá í Evrópu. Hér vil ég draga athygli lesenda Deiglnnar að einu slíku atriði.

Á undanförnum áratugum hefur hernaðarstefna Bandaríkjanna oftast en ekki verið þríþætt. Fyrst sprengja þeir landið aftur á steinöld. Næst koma þeir valdhöfum landsins fyrir kattarnef. Og síðan hverfa þeir á braut. Stríð af þessu tagi eru vitaskuld eingöngu til þess fallin að valda fólkinu í landinu sem ráðist er á gríðarlegum þjáningum. Og það eru góð rök gegn slíkum stríðum.

Áætlanir Bandaríkjanna hvað Írak varðar eru allt aðrar. Í fyrsta lagi er sprengjuherferðin sem ráðgerð er á undan árásinni mun minni en í Persaflóastríðinu 1991 og allt annars eðlis en í Kósóvó 1999. Áhersla verður lögð á að halda eyðileggingu á vegakerfi, rafmagnskerfi, símakerfi, o.s.fr. í lágmarki til þess að auðveldara verði að koma lífi í Írak aftur í eðlilegt horf eftir stríðið.

Þegar landið hefur verið hertekið stefna Bandaríkin að því að halda landinu í þó nokkurn tíma á meðan innviðir ríkisins eru byggðir upp. Raunar er hertaka Bandaríkjanna á Japan eftir seinni heimsstyrjöldina sú fyrirmynd sem Bandaríkjastjórn hefur stuðst við. Ráðgert að háum fjárhæðum verði varið í endurreisn landsins. Þar að auki verða viðskiptaþvingunum á Írak vitaskuld aflétt.

Ef þetta er sú stefna sem Bandaríkin munu í raun fylgja er alls ekki augljóst að venjulegt fólk í Írak skaðist af stríðinu. Raunar er líklegt að hagur flestra í Írak vænkist. Og ef svo er þá eru ein mikilvægustu rökin sem margir hér á Íslandi færa fram gegn stríðinu fallin.

Sumir lesendur Deiglnnar munu eflaust efast um að hugur Bandaríkjastjórnar fylgi máli hennar í þessum efnum. Fram að þessu hefur það hins vegar ekki þótt vænleg leið til þess að selja stríð í Bandaríkjunum að leggja áherslu á hversu miklu fé verður varið í uppbyggingu landsins eftir stríðið. Bandarískir kjósendur eru oftast nær á móti slíkri uppbyggingu á svipaðan hátt og þeir eru á móti þróunarhjálp. Raunar eru þeir oft á móti hernaðaríhlutun af hálfu Bandaríkjanna þar sem þeir telja hana of dýra. Það er því mjög óvenjulegt að ríkistjórn Bandaríkjanna sé að leggja áherslu á þann mikla kostnað sem þeir ætla að leggjast í við að byggja upp Írak. En það gæti bent til þess að stjórnin telji það þjóna pólitískum hagsmunum sínum að byggja upp Írak.